

Tökum skrefin saman- yngstu börn leikskólans

Leikskólinn Sunnuhvoll, Leikskólinn Hnoðraholt og leikskólinn Krakkakot

Númer lykils: PSJL 1901



Ábyrgðarmaður verkefnis: Guðrún Brynjólfsdóttir leikskólastjóri á Sunnuhvoli.

Markmið verkefnis.

Verkefnið er samstarfsverkefni þriggja leikskóla sem allir eru að taka inn börn undir tveggja ára aldri. Leikskólastarf með ungum börnum er frábrugðið starfi með eldri börnum. Það krefst sérþekkingar á samskipta- og tjáningarmáta barnanna og kallar á aðrar áherslur í námsumhverfi og samstarfi við foreldra. Því telja stjórnendur leikskólanna þriggja mikilvægt að varpa ljósi á starfið og dýpka þekkingu innan leikskólanna á því sviði. Markmiðið með verkefninu er að leikskólakennarar og annað starfsfólk rýni í eigið starf og þau gildi sem starfshættir þeirra byggja á. Á þann hátt er þekking þeirra dregin fram og grundvöllur fyrir nýja þekkingu og starfshætti lagður sem m.a. nýtist í endurskoðun skólanámsskráa leikskólanna. Þetta verður gert með því að vinna starfendarannsókn í samstarfi við ráðgjafa frá Menntavísindasviði Háskóla Íslands. Lögð verður áhersla á skapa lærdómssamfélag þar sem sjónum er beint að starfsháttum á deildunum með yngstu börnunum.



Hlutverkaleikur

Gögnum verður safnað á fjölbreyttan hátt og verða þau nýtt sem grundvöllur mats á framvindu verkefnisins. Um er að ræða upptökur af rýnifundum með samstarfsteymi, rýnihópum foreldra, rannsóknardagbækur þátttakenda, myndbandsupptökur, ljósmyndir og vettvangsathuganir.

Leiðir að markmiði:

Tímaplan.

Verkefnið er hugsað til þriggja ára en fyrsti hluti þess var unnin veturinn 2018-2019.

Vinnan við verkefnið hófst óformlega vorið 2018. Þá hittust samstarfsaðilar og ræddu fyrirhugað verkefni og hvernig skyldi staðið að framkvæmd þess. Umsókn var send í þróunarsjóð leikskóla og fékk verkefnið styrk upp á 1.370.000. Tímaramminn sem settur var upp fyrir veturinn var eftirfarandi:

2018: sept.- des. Fræðslu- og umræðufundur í hverjum leikskóla, auk sameiginlegs fundar allra þátttökuskólanna. Fundir með samráðsteymi. Gagnasöfnun og vettvangsheimsóknir ráðgjafa.

2019: jan- maí. Fundir með samstarfsteymi, fræðslu- og umræðufundur í hverjum leikskóla.

Rýnihópar foreldra - Gagnasöfnun og vettvangsheimsóknir ráðgjafa.

Framkvæmd.

Vinnan við verkefnið hófst vorið 2018. Þá funduðu samstarfsaðilar og fóru í kjölfarið á ráðstefnu í London til að kynna sér samstarfsverkefni þriggja landa sem unnið hafið verið um yngstu börnin í leikskólans. Það verkefni hét Towe (toddlers wellbeing) <http://www.toddlerswellbeing.eu/> og varð okkur mikill innblástur við að fara af stað með verkefnið okkar. Hver og einn leikskóli fundaði í framhaldinu og ákvað hvaða þátt í sínu starfi þeir vildu skoða.

Tveir leikskólanna, Sunnuhvoll og Krakkakot völdu að skoða m.a. leikefni barnanna, samskipti barnanna í leiknum, hlutverk leikskólakennarans og hvernig áhugi barnanna á mismunandi efnivið tengdist leik þeirra. Hnoðraholt ákvað að beina sjónum sínum að tónlist: Tónlistar- og samverustundum, hrynjanda, tónhæð og fleiru tengdu tónlistarstarfi með ungum börnum.

Reglulega hafa verið haldir samráðsfundir um gang verkefnis, bæði með fulltrúum leikskólanna og háskólans, en einnig fundir þar sem allir starfsmenn samstarfsleikskólanna koma saman og ræða málin og deila með hinum því sem verið hefur gert.



Gaman að leika saman

Aðkoma Hrannar Pálmadóttur og Ingibjargar Óskar Sigurðardóttur að verkefninu, er að vera ráðgjafar og samstarfsaðilar. Þær koma frá Menntavísindasviði Háskóla Íslands. Hlutverk þeirra er að styðja leikskólana í ferli starfendarannsóknarinnar. Í því felst að koma með nýja þekkingu og bjóða upp á fundi þar sem reynsla starfsmanna í leikskólunum þremur og ný þekking þeirra er ígrunduð byggð á reynslu starfsmanna sjálfra. Hlutverk ráðgjafa við áframhaldandi verkefni er að halda ferlinu áfram og styðja leikskólakennara til að efla sig enn frekar í starfi með yngstu börnunum.

Umfang verkefnis.

Hindranir og frávik.

Verkefnið gekk ágætlega í öllum skólunum þremur. Framan af vetri fannst fólki þó ekkert vera að gerast í verkefninu þar sem sýnilegur árangur var lítill. Við þurftum hvatningu frá leiðbeindum til að átta okkur á því að þetta væri eðlilegt, ígrundun og vangaveltur tækju tíma og árangur væri lítið sýnilegur til að byrja með. Keyptar voru stílabækur handa öllum starfsmönnum sem voru í verkefninu og fólk hvatt til að skrá í bækurnar vangaveltur sínar og hugrenningar um verkefnið. Bækurnar voru merktar hverjum og einum starfsmanni og fólk hafði val um hvort það deildi þessum hugrenningum sínum með öðrum eða héldi þeim fyrir sig. Aðaltilgangurinn var að fá fólk

til að skrá hjá sér það sem því fannst áhugavert. Lögð var áhersla á að það væri ekkert rétt eða rangt í þessum vangaveltum.

Helstu hindranir voru að fá fólk til að skrá í bækurnar. Þær voru oft geymdar inni í skápum og því ekki aðgengilegar til að grípa í. Einnig fannst starfsmönnum það erfitt að setja hugsanir sínar og vangaveltur í orð og voru stundum hræddir við hvað öðrum fyndist um skrifin. Reglulega var þó minnt á bækurnar yfir veturinn og reynt að hvetja til notkunar á þeim.

Leikskólinn Hnoðraholt lenti í vandræðum þegar upp kom mygla í húsnæðinu hjá þeim. Þau þurftu að flytja sig í annað húsnæði og þar með fór verkefnið í biðstöðu hjá þeim hluta úr vetri.



Gaman að dansa saman

Ekki náðist að virkja rýnihóp með foreldrum þetta árið.

Mat á verkefni.

Reglulega voru haldnir samráðsfundir um verkefnið. Fundirnir voru bæði sameiginlegir þar sem allir starfsmenn skólanna hittust og einnig funduðu ráðgjafar með starfsfólki leikskólanna og

ráðgjöfum. Þessir samráðsfundir voru mjög gagnlegir, bæði til að heyra hvað aðrir voru að gera og hvernig gekk á hinum leikskólunum. Þeir voru ekki síður nauðsynlegir til að stappa stálinu í mannskapinn og hvetja hann áfram. Sameiginlegu fundirnir með öllu starfsfólki og ráðgjöfum voru einstaklega skemmtilegir og mikil innspýting í verkefnið því sá starfsfólk að allir voru á svipuðum stað að kljást við sömu vandamálin.

Ráðstöfun á styrk.

Langstærstu hluti styrksins fór í launagreiðslur.

Laun til ráðgjafa frá menntavísindasviði:	791.000
Laun vegna afritunar gagna samráðsfunda	174.000
Laun til starfsmanna Krakkakots	217.000
Hljóðfæri á Hnoðraholt	135.000
Samtals	1.317.000



það má nota þetta verðlausa efni í ýmislegt

Tengsl verkefnis við áherslupætti sjóðsins skólaárið 2018-2019:

Áherslupættir sjóðsins voru:

- samvinna á milli skóla og skólastiga
- tenging fræðasamfélags og starfsvettvangs
- Umhverfisvitund í nær umhverfi barna
- Heilsueflandi skólaumhverfi
- Efling á lýðræðisvitund og þátttöku barna í starfi leikskóla

Í reynd má segja að verkefnið hafi haft snertifleti við alla þessa áherslupætti. Verkefnið var samvinnuverkefni þriggja leikskóla auk samvinnu við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Tveir skólanna voru að skoða efnivið í leik barnanna og báðir skólarnir eru að nota verðlausan efnivið sem hluta af leikefni barnanna. Með verðlausum efnivið er átt við að nýttir eru hlutir úr daglegu lífi s.s. dósir, lyklar, fernur, krukkur, pappahólkar og ýmislegt annað sem til fellur í daglegu lífi. Í stað þess að henda er það sem hægt er að nýta með börnunum notað í leiknum þeirra.



Gaman að prófa sig áfram

Með því að gefa börnunum tækifæri til að hafa áhrif á daglegt líf í leikskólanum og þau viðfangs- og leikfni sem boðið er upp á, er verið að efla lýðræðisvitund þeirra. Börnin fá að hafa eitthvað um það að segja hvað þau taka sér fyrir hendur. Leikskólarnir þrír líta á börnin sem hæf og getumikil þrátt fyrir ungan aldur og fær um að hafa rödd um eigin vilja. Líðan barns hefur mikil áhrif á sjálfsmynd þess, t.a.m. hvort það er áhugasamt, hefur trú á eigin hæfni og vilja og getu til að takast á við mismunandi viðfangsefni. Því skipar umhyggja jafnframt stóran sess í starfi leikskóla og mikilvægt er að mynda góð og nán tengsl við börnin (Aðalnámskrá leikskóla, 2011). Umhyggjan er stór þáttur í starfi í leikskólanna þriggja og tengist inn í allt daglegt starf þeirra.

Afrakstur, ávinningur fyrir skólastarf og kynning.

Verkefnið er unnið í samstarfi við Rannsóknarstofu í menntunarfræðum ungra barna (RannUng) við Menntavísindasvið HÍ. Í verkefninu er horft til nýjustu hugmynda fræðimanna við mótun og þróun gæðastarfs í leikskólum með ungum börnum. Verkefnið gefur tækifæri til að þróa lærdómssamfélag í leikskólunum sem byggist á samstarfi og samráði leikskólakennara og annars starfsfólks sem allt vinnur að sama marki. Ungum börnum er að fjölga í leikskólum hér á landi og í nágrennalöndunum og því er nauðsynlegt að beina sjónum að því hvernig þau læra og hvernig námsumhverfi þeirra þarf að vera til að það styðji sem best við þessi ungu börn í sínum fyrstu skrefum í leikskóla.



Hvað eruð þið að gera?

Verkefnið verður kynnt á Menntadögum í Garðabæ og Menntakviku sem er árleg ráðstefna Menntavísindasviðs Háskóla Íslands. Einnig munu ráðgjafar birta grein/ar um afrakstur og niðurstöður verkefnisins í Netlu- Veftímariti um uppeldi og menntun. Vonast er til að verkefnið geti orðið leiðandi fyrir aðra leikskóla í bæjarfélaginu sem og utan þess. Einnig er stefnt að því að afraksturinn verði gefinn út í formi handbóka um valda þætti leikskólastarfsins.



Guðrún Brynjólfsdóttir verkefnastjóri.